

Fundargerð 84. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 24. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésen.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Íris Róbertsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hugsanlegar breytingar á umhverfi sjávarútvegs - 2501003SU

Rætt um hugmyndir sem hafa verið uppi um hugsanlegar breytingar á umhverfi sjávarútvegs á Íslandi. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga leggur þunga áherslu á það við stjórnvöld, ef þau hyggja á breytingar á umhverfi sjávarútvegsins, að þau hafi um það víðtækt samráð við sjávarútvegsfyrirtæki og sveitarfélög áður en slíkt kemur til framkvæmda. Íslenskur sjávarútvegur er ein af grunnstoðum atvinnulífsins og mikilvægt að hann njóti fyrirsjáanleika í sínum rekstri líkt og önnur atvinnustarfsemi hér á landi. Afkoma hans hefur mikil áhrif á sveitarfélög, starfsfólk í greininni og samfélagið allt og því mikilvægt að vanda til allra verka hjá löggjafanum ef breytingar á að skoða.

2. Áhersluverkefni stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2025 - 2409001SU

Rætt um áhersluverkefni ársins 2025 og var stjórnarfolk beðið um að huga að verkefnum. Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta stjórnarfundi.

3. Næstu fundir stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2409001SU

Rætt um tímasetningar fyrir næstu fundi.

Ákveðið að halda næsta fund í gegnum fjarfundarbúnað í febrúar, formanni falið að senda út tillögu að dagsetningu. Jafnframt ákveðið að halda staðfund í mars, í tengslum við Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, og heimsækja Hafró.

Formanni falið að undirbúa heimsóknina.

Fundi var slitið kl. 08:15